

kvæmd verksins. Veiðistjóri og trúnaðarmenn hans sæki um leyfisskírteini til hlutað-eigandi lögreglustjóra og skulu trúnaðarmennirnir láta fylgja umsókn sinni meðmæli frá veiðistjóra. Lyfin skulu þeir kaupa hjá Lyfjaverslun ríkisins.

Fyrir lok desembermánaðar hvort ár 1976 og 1977 skulu veiðistjóri og trúnaðarmenn hans gefa ráðuneytinu skýrslu um framkvæmd fækkunarinnar og árangur.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 22. maí 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 162 13. júní 1972 fyrir Vatnsveitu Siglufjarðar.

1. gr.

17. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hvorrar fasteignar, þ. e. mati mannvirkja og lóðar, samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1973. Upphæð vatnsskatts skal vera 0,40% af fasteignamati húss og lóðar. Upphæð vatnsskattsins skal þó aldrei vera lægri en kr. 2 000.00 fyrir hverja skattskylda fasteign. Sé bygging eigi virt fasteignamatsvirðingu skal greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvaðum þessarar greinar.

2. gr.

18. gr. orðist svo:

Auk vatnsskatts, sbr. 17. gr., greiði vatnsfrekur atvinnurekstur, s. s. frystihús, magnjald kr. 4.00 — fjórar krónur — fyrir hverja smálest vatns.

3. gr.

19. gr. orðist svo:

Fyrir tímabundin, eða sérstök vatnsnot skal greiða sem hér segir, auk vatnsskatts, sbr. 17. gr.:

- a. Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum, t. d. í sambandi við eldneytissölur, skal greiða kr. 10 000.00 á ári fyrir vatnsnotkun.
- b. Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða kr. 4.00 fyrir hverja slátraða sauð-kind.
- c. Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða kr. 20.00 á hverja uppsaltaða tunnu síldar. Sama gjald skal vera fyrir hverja tunnu af söltuðum hrognum. Fyrir sjósaltaða síld, sem lögð er á land til þökkunar og þæklunar, skal greiða kr. 10.00 fyrir hverja útskipaða tunnu.
- d. Fyrir vatnsnotkun til síldar- og loðnubræðslu skal greiða kr. 80.00 fyrir hvert landað tonn.
- e. Fyrir vatn til skipa skal greiða kr. 60.00 fyrir hverja smálest af vatni eða hluta úr smálest. Lágmarksgjald til fiskiskipa kr. 500.00 og annarra skipa kr. 1 000.00, (þó skulu fiskiskip sem gerð eru út frá Siglufirði ekki greiða fyrir vatn).

- Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn má ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.
- f. Fyrir vatnsnot til fiskverkunar skal greiða kr. 90.00 á hverja smálest af innvegnum fiski, þar sem ekki er vatnsmælir.
 - g. Vatnsnotkun vegna fastra véla í húsum, annarra en heimilisvéla, s. s. kælikerfa, þvottavéla o. s. frv., skal greiða með kr. 4.00 á hverja smálest, eftir vatnsmæli, eða samsvarandi eftir hámarkshemli. Heimilt er bæjarráði að semja um þessi not við hlutaðeigendur.
 - h. Greiðsla fyrir önnur þau vatnsnot, sem ekki eru upptalin í þessari grein, og ekki heyra undir ákvæði 14. gr. skal fara eftir ákvörðun bæjarráðs. Jafnan skal stuðst við mælingu vatnsnota við ákvörðun þeirra til gjalds, ef aðstæður leyfa, en varanleg stór notkun skal seld eftir hámarksrennsli og notkunartíma, eftir því sem hægt er. Getur bæjarráð sett þar um nánari reglur, ef þurfa þykir.

Vatnsskattsskylda framleiðslu má ekki flytja burt af framleiðslustað fyrr en vatnsskattur af henni er greiddur, að viðlögðum sektum, skv. síðari greinum þessarar reglugerðar, ef út af er brugðið.

4. gr.

20. gr. orðist svo:

Þar sem vatnsnot eru mikil, eða komi í ljós að þau séu óeðlileg, er bæjarráði og bæjarstjórn heimilt að krefjast aukavatnsskatts, skv. vatnsmælingu, eða eftir ákvörðun bæjarráðs. Aukavatnsskattur skal miðaður við kr. 4.00 á smálest.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 3. maí 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 163 13. júní 1972 um holræsi í Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

18. gr. orðist svo:

Holræsagjald skal greiða árlega til bæjarsjóðs Siglufjarðar af öllum eignum, sem metnar eru til fasteignamats og skal vera 0.15% af fasteignamati húss og lóðar eins og það er á hverjum tíma. Lágmarksupphæð holræsagjalds fyrir hverja fasteign skal vera kr. 1 000.00.

Heimilt er bæjarstjórn fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka holræsagjaldið um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

2. gr.

19. gr. orðist svo:

Holræsagjald af fasteign má taka lögtaki og gera lögtak í hinni skattskyldu fasteign án tillits til eigendaskipta. Nýtur holræsagjaldið lögveðsréttar í húseigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.